



Frá orðum til athafna í nóvember 2012.

### **Ágætu formenn deilda.**

Aðventan nálgast hratt og það fer ekki fram hjá nokkrum manni að jólin eru á næsta leiti. Nóvember er jákvæður og notalegur undirbúnings tími, mánuður, þar sem ljósin kvikna eitt af öðru í gluggum og görðum landsmanna. Tónlist hljómar um borg og bæ, kertaljós eru kveikt og lýsa upp skammdegið.

Aldrei verða litir okkar DKG samtaka jafn sýnilegir og einmitt á þessum tíma, rautt og gyllt.

Við Delta Kappa Gamma konur gerum okkar besta, allar deildir eru með valda dagskrá á jólafundum sínum. Það sést best, ef gægst er á gluggana á netsíðu okkar.

Með notalegum nóvember hugleiðingum minni ég ykkur á nokkur atriði sem ekki mega gleymast í jólaundirbúningnum.

### **Félagsgjöldin.**

Allar deildir þurfa að hafa lokið uppgjöri félagsgjalda og sent til gjaldkera landssambandsins Guðbjargar Sveinsdóttur Þeta deild [gugga@mitt.is](mailto:gugga@mitt.is) fyrir 10. nóvember. Sjá nánar í lögum félagsins, þau má finna á netsíðu okkar.

### **Uppstillingarnefnd.**

Formaður uppstillinganefndar Ingibjörg Einarsdóttir Gamma deild [ingibje@hafnarfjordur.is](mailto:ingibje@hafnarfjordur.is) sendi bréf til allra formanna deilda og minnti á að uppstillinganefndir þyrftu að skila inn listum til sín fyrir 25. nóvember. Vonandi gengur þetta eins og í sögu hjá ykkur öllum, en af fenginni reynslu er ágætt að minna á að stutt er í þann 25.

### **Félagatalið.**

Vonandi hafa allar sent Elínborgu Sigurðardóttur formanni féлага og útbreiðslunefndar Epsilon deild leiðrétt félagatalið, sem hún afhenti á framkvæmdaráðsfundinum 1. september. Ef einhver hefur gleymt því, þá er um að gera að hafa samband við hana sem allra fyrst [elinborg@skolasud.is](mailto:elinborg@skolasud.is). Félagatalið verður að vera rétt og netföng breytast mikið.

### **Útgáfa á félagatali.**

Lengi vel hafði ég mikinn áhuga á að gefa út félagatalið í prentuðu formi, síðast var það gefið út árið 2008. Ég hef skipt um skoðun, stjórn landssambandsins, ritnefndin,

vefstjórinn og flestar þær DKG konur sem ég hef rætt málið við segja þetta úrelt, allt of kostnaðarsamt og auk þess eru breytingar miklar frá ári til árs. Því dreg ég mínar fyrri skoðanir til baka og þær sem vilja fá félagatalið í prentuðu formi geta fengið sínar upplýsingar hjá vefstjóranum okkar Eygló Björnsdóttur [eyglob@unak.is](mailto:eyglob@unak.is).

### **Fréttabréfið.**

Það er eins með fréttabréfið, við sendum það út á netinu. Fréttabréfið er okkar samskiptamiðill og mikilvægt að senda ritstjóranum Láru Guðmundsdóttur Þeta deild [larag@ismennt.is](mailto:larag@ismennt.is) upplýsingar um konur innan deildanna. Innan allra deilda eru konur að fást við spennandi verkefni sem gaman væri að fjalla um í fréttum okkar.

### **Delta-Kappa-Gamma stjórn námskeið með Sigrúnu Jóhannsdóttur.**

Á framkvæðaráðsfundinum 1. september kynnti ég fyrir ykkur ágætu formenn að stjórn landssambandsins bað Sigrúnu Jóhannsdóttur Delta deild [sigrun@frae.is](mailto:sigrun@frae.is) að halda námskeið fyrir DKG konur. Sigrún er búin að setja upp mjög metnaðafulla, lærdómsríka og spennandi hugmynd.

Tilgangurinn er að efla DKG konur í að ná árangri í félaginu og auka sjálfstraust til að taka að sér mismunandi verkefni jafnt innan DKG sem utan, eins og Sigrún orðar það.

Námskeiðið þarf að undirbúa vel með Sigrúnu og því mikilvægt að hafa samband sem allra fyrst, en við munum senda út nánari kynningu síðar.

### **Reglugerðin.**

Formaður laganeftdar Auður Torfadóttir Eta deild [audurtorfa@gmail.com](mailto:audurtorfa@gmail.com) hefur ásamt laganeftd farið yfir reglugerðina og lagfært og kynnt fyrir stjórn landssambandsins. Reglugerðina má finna á netsíðunni.

### **Styrkir innlendir og erlendir.**

Það er aldrei of oft minnst á styrkina sem DKG býður félagskonum upp á. Það er ágætt að fara reglulega yfir þá, kynna þá einu sinni á vetri.

Við erum með séstakan sjóð sem nefnist Íslenski námsstyrkjasjóðurinn.

Sjóðurinn styrkir lokaverkefni félagskvenna í framhaldsnámi og kynningar á slíkum verkefnum. Það er úthlutað úr honum á aðalfundi á tveggja ára fresti.

Ég vil benda ykkur á að vefstjórinn okkar Eygló Björnsdóttir er með sérstaka kynningu á námstyrkjasjóðnum Scholarship, fyrir konur sem eru í masters eða doktorsnámi, endilega hvetjið ykkar konur til að skoða málið.

Njótið þess sem nóvember býður upp á.

Fyrir hönd stjórnar landssambandsins,

Sigríður Ragna Sigurðardóttir  
forseti landssambandsins